



Skagafirði, 5. mars 2012

Nefndasvið Alþingis  
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, mál 393 og tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014, mál 392.**

Fjallað var um samgönguáætlun 2011-2022 á 582. fundi byggðarráðs Skagafjarðar þann 9. febrúar sl. og umhverfis- og samgöngunefnd send bókun nefndarinnar frá þeim fundi í kjölfarið. Var þar m.a. óskað eftir samráði við leiðréttingar á áætluninni.

Umsögn sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem hér fer á eftir, er ætluð til að veita umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis nánari upplýsingar um brýn og aðkallandi verkefni á sviðum samgöngumála innan Skagafjarðar, en þau hafa áður verið kynnt í heild eða að hluta fyrir þingmönnum Norðvesturkjördæmis, fjárlaganefnd Alþingis, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og innanríkisráðherra.

Sveitarstjóri fagnar sérstaklega meginmarkmiðum þeim sem koma fram í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, þ.e. sem koma fram í markmiðum í kafla 1.1, 1.4 og 1.5.

Tekur sveitarstjóri sérstaklega undir markmiðin í kafla 1.5 um að skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða.

Við yfirferð á verkefnahluta þingsályktunartillögunnar telur sveitarstjóri að mikið vanti á svo að markmiðssetningunni sé fylgt eftir innan héraðsins, svo sem rakið verður hér á eftir.

Minnir sveitarstjóri á í því sambandi að m.a. fyrir tilstilli niðurskurðar á opinberum fjárframlögum til grunnþjónustu, eins og heilbrigðis-, mennta- og samgöngumála, hefur byggðapróun í Skagafirði verið afar neikvæð hin síðustu ár. Þannig hefur opinberum stöðugildum fækkað um 44,43 á árunum 2008-2011 og ljóst að nokkur til viðbótar munu færast til höfuðborgarsvæðisins eða verða lögð niður á árinu 2012. Hefur íbúum í Skagafirði fyrir vikið fækkað úr 4342 frá upphafi árs 2010 í 4221 í upphafi árs 2012, eða um 3% á aðeins 2 árum. Nemur íbúafækkunin 7% frá því flest sveitarfélögin í Skagafirði sameinuðust árið 1998.

### **Áætlunarflug til Skagafjarðar**

Afar takmarkaðir fjármunir hafa verið veittir til samgöngubóta í Skagafirði hin síðustu ár en þung högg þess í stað verið veitt sem hefur m.a. leitt til þess að um liðin áramót lagðist af áætlunarflug á milli Skagafjarðar og Reykjavíkur.

Er það í hróplegri mótsögn við greinargerð faghóps Háskólans á Akureyri vegna samgönguáætlunar 2011-2022 en í henni er bent á að reglubundið flug til Skagafjarðar styrki þjónustuna á svæðinu og að með styrkingu slíkra þjónustukjarna á jaðri vaxtarsvæða megi teygja slík svæði lengra og ná þannig til byggðarlaga sem nú liggja utan



## Sveitarfélagið Skagafjörður

þeirra. Með styrkari þjónustu á Sauðárkróki megi þannig koma til móts við þarfir íbúa utan Skagafjarðar, þ.m.t. Austur-Húnavatnssýslu.

Áætlunarflug milli höfuðborgarinnar og Skagafjarðar skiptir almenning og fyrirtæki í Skagafirði og nærsveitum gríðarlega miklu máli enda fjölþætt þjónusta sem íbúar, fyrirtæki og opinberar stofnanir á svæðinu þurfa að sækja til höfuðborgar landsins, auk ýmislegs erindreksturs. Ekki síst skiptir flugið miklu máli sökum niðurskurðar á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki, sem leitt hefur til þess að mikill fjöldi fólks þarf að sækja sjúkraþjónustu fjarri heimahögum. Þá þurfa landsmenn allir einnig að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem veitt er af hálfu fyrirtækja og stofnanna í Skagafirði.

Sem dæmi um mikilvægi flugs og samgangna á svæðinu við höfuðborg landsins má nefna að meðal mikilvægustu áhersluatriða Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í sóknaráætlun fyrir landshlutann, þar sem markmið 20/20 sóknaráætlunar fyrir Ísland voru til grundvallar, voru áframhaldandi stuðningur við áætlunarflug til og frá Skagafirði og uppbygging samgöngumiðstöðvar í héraðinu. Því miður kaus ríkisvaldið að hafa þau áhersluatriði að engu þrátt fyrir að vandséð væri hvernig áform um að kippa stoðunum undan áætlunarflugi til og frá Sauðárkróki samræmdust stefnu um styrkingu samfélagslegra innviða og eflingu atvinnulífs og samfélags á Norðurlandi vestra.

Raunar má segja að í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022 stangist hvað á annars horn hvað flug til Sauðárkróks varðar.

- Í kafla 2.1. á bls. 7 er Sauðárkrókur skilgreindur sem flugvöllur í grunnneti.
- Í kafla 3 á bls. 12 fær Sauðárkrókur 0 kr. í framlög til flugvalla.
- Í kafla 1.1.2 í athugasemdum við þingsályktunartillögunni, á bls. 30, er sagt að reglubundið flug til Sauðárkróks styrki þjónustu á Mið-Norðurlandi.
- Í kafla 3.1.2. á bls. 120 er sagt að flugleiðin á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks hafi verið styrkt til áramóta 2010-2011. Þar segir jafnframt að flug hafi verið styrkt á flugleiðum sem ekki hafa verið fjárhagslega sjálfbærar en vegna byggðasjónarmiða sé talið nauðsynlegt að flugi sé haldið uppi á þessa staði.
- Í kafla 5.5.3 á bls. 160 segir að hætt hafi verið að styrkja flug til Sauðárkróks frá og með 2011.

Hvað síðasta punktin varðar má nefna að 10 m.kr. hafa verið veittar af hálfu ríkisvaldsins til styrkingar áætlunarflugs til Sauðárkróks á árinu 2011 og aftur í fjárlögum ársins 2012 en fyrir tilstuðlan þess styrks eru nú uppi viðræður við nýjan flugrekstraraðila um möguleika þess að hefja að nýju slíkt áætlunarflug.

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar skorar á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og þingmenn alla að beita sér fyrir því að áætlunarflug til Skagafjarðar verði áfram styrkt um komandi ár, með fullnægjandi hætti, þannig að þessi mikilvæga þjónusta leggist ekki af til framtíðar. Brýnt er að sá stuðningur verði staðfestur í nýrri 12 ára samgönguáætlun, ásamt framkvæmdaáætlun fyrir fyrsta fjögurra ára tímabil hennar.

### Vegaframkvæmdir

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur að í ofangreindum þingsályktunartillögum sé alltof litlum fjármunum varið til uppbyggingar og viðhalds héraðs- og tengivega en samkvæmt upplýsingum sem fram koma í tillögnum eru stofnvegir alls rúm 38% heildarvegakerfis landsins, héraðsvegir um 24%, tengivegir um 23% og landsvegir um 15%. Sé



## Sveitarfélagið Skagafjörður

horft til þeirra fjármuna sem verja á til einstakra vegaflokka má sjá að ekkert samræmi er á milli fjárveitinga til framkvæmda til einstakra vegflokka miðað við hlutfall þeirra af heildarvegakerfi landsins.

Brýnar vegaf framkvæmdir sem ráðast þarf í innan Sveitarfélagsins Skagafjarðar á komandi árum eru:

### **Þjóðvegur í Þéttbýli. Þverárfjallsvegur/Strandvegur um Sauðárkrók**

Fyrir nokkrum árum var hafist handa við miklar endurbætur á þjóðveginum um Þverárfjall sem stytthefur leiðina á milli Blönduóss, Skagastrandar og Sauðárkróks til mikilla muna. Brýnt er að ljúka þessu verki og koma framhaldi Þverárfjallsvegur – Strandvegi – sem er þjóðvegur í þéttbýli í endanlegt horf. Er um að ræða 370 m kafla sem er ekki enn kominn í „endanlega“ planlegu. Núverandi lega vegarins er því sem næst inn á lóðir húsa við Aðalgötu á Sauðárkróki og þar hafa orðið nokkur slys þegar bílar hafa lent upp á gangstétt og inn á lóðir húsanna. Því er um brýnt öryggismál að ræða.

Með þessari framkvæmd yrði lokið þeirri breytingu á legu Strandvegur sem hafist var handa við árið 2003, en þá var sú veglína sem nú er miðað við hönnuð og samþykkt af Vegagerðinni. Þá er ekki síður brýnt að ljúka þessari framkvæmd svo hægt sé að ganga frá aðkomu nýrrar smábátahafnar við Sauðárkrókshöfn, en áætlað er að þeirri framkvæmd ljúki árið 2013.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur fengið verkfræðistofuna Stoð ehf á Sauðárkróki til að vinna kostnaðaráætlun vegna þessa verkþáttar og er niðurstaðan sú að kostnaður við verkhluta Vegagerðarinnar er áætlaður kr. 36,8 m.kr. en hluti Sveitarfélagsins Skagafjarðar yrði 17,3 m.kr.

Málið hefur verið reifað við innanríkisráðherra sem sýndi því mikinn skilning.

### **Endurbætur á Reykjastrandarvegi**

Vegurinn um Reykjastrandarveg er afar bágborinn og svo komið að hann er allt að því hættulegur umferð fólks sem sækir atvinnu og þjónustu til Sauðárkróks en svo er um þorra íbúa þar. Einnig má geta þess að mikill fjöldi og vaxandi straumur ferðamanna sækir vinsælan áfangastað við norðurenda vegarins (Grettislaug – vinsæl náttúruleg og hafnaraðstaða fyrir siglingar út í Drangey). Lögð er mikil áhersla á að endurbætur og uppbygging vegarins hefjist hið fyrsta.

### **Uppbygging Tindastólsvegur að skíðasvæði í Tindastóli**

Tindastólsvegur er 4 km langur og liggur hann frá Þverárfjallsvegi (744-03) upp að skíðasvæði Tindastóls.

Umræddur vegur er vetrarvegur og einkum notaður í tengslum við skíðaiðkun, u.þ.b. 5 mánuði ársins. Á þeim tíma er mikill snjór á svæðinu og því ekki sú þörf á vegöxlum sem gerð er krafa um á heilsársvegum. Tekið skal fram að umræddur vegur var lagður og byggður upp á árinu 1999. Á þeim 12 árum sem liðin eru frá þeim tíma hefur vegurinn ekkert viðhald fengið, hvorki verið heflaður né borið ofan í hann. Nú er svo komið að vegurinn er afar holóttur og hvasst eggjagrjótið stendur upp úr honum víða, með tilheyrandi kostnaði, óþægindum og slyshættu fyrir þá vegfarendur sem veginn nota. Ekki er farið fram á breytingu á vegstæði heldur eingöngu að fyrirbyggjandi veglína verði endurbætt og malbikuð.

Þess má geta að uppbygging á umræddum vegi var inni á fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010, og átti að verja til verksins 39 m.kr. á árinu 2009. Enn hefur ekki bólað á þeim framkvæmdum.



Sveitarfélagið Skagafjörður

### Endurbætur á Siglufjarðarvegi, frá Stafá að Ketilási í Fljótum

Brýnt er að endurbyggja vegkafla á Siglufjarðarvegi, frá Stafá að Ketilási í Fljótum. Vegurinn uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til svo umferðarþunga vega, enda vegurinn mjór, hann aflagaður og orðinn afar lélegur í burðarþoli. Veruleg slyshætta er farinn að skapast af núverandi ástandi vegarins og fyrirsjáanlegt að það mun breytast hratt til enn verri vegar.

### Endurbætur vegar í Hegranesi

Hegranesvegur nr. 764 er nánast orðinn ókeyrandi. Vegurinn er mjór, einbreiður malarvegur, með fjölda beygja og blindhæða og uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til svo umferðarþunga vegar. Vegurinn þjónar fjölda ferðamanna, auk þess sem hann liggur við mörg af stærstu kúabúum Skagafjarðar og þarf því að bera talsverða bílaumferð vegna þjónustu við þessi býli. Þá sækir hátt hlutfall íbúa í Hegranesi atvinnu til Sauðárkróks og ekur því þennan veg nær daglega.

### Uppbygging annarra vega í Fljótum og um Lágheiði

Samráðshópur um endurbyggingu vegar um Lágheiði og tengd málefni vann skýrslu um málið fyrir Vegagerðina, sem kom út í nóvember 1999 (*Vegtengingar milli byggðarlaga á norðanverðum Tröllaskaga. Skýrsla samráðshóps um endurbyggingu vegar um Lágheiði og tengd málefni. Vegagerðin. Nóvember 1999*). Helgi Hallgrímsson, fyrrverandi Vegamálastjóri, skipaði hópinn sem í voru fulltrúar frá Vegagerðinni og sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga sitt hvorum megin Tröllaskagans.

Í niðurstöðum skýrslunnar sem samráðshópurinn vann er lagt til að ráðist verði í gerð Héðinsfjarðarganga til að tengja Siglufjörð betur við byggðir Eyjafjarðar. Þar er jafnframt lagt til að vegurinn um Lágheiði verði endurbyggður sem góður sumarvegur. Enn fremur er í niðurstöðukafla skýrslunnar lögð „áhersla á að vegir í byggð, sitt hvoru megin heiðarinnar, verði sem allra fyrst endurbyggðir sem góðir heilsársvegir.“

Úr varð að niðurstöðu samráðshópsins var fylgt hvað Héðinsfjarðargöng varðar og hafa þau verið tekin í notkun. Hins vegar hefur ekkert verið gert með þá mikilvægu niðurstöðu hópsins að vegir í byggð, sitt hvoru megin við Lágheiði, verði endurbyggðir sem góðir heilsársvegir og vegurinn um Lágheiðina verði endurgerður sem góður sumarvegur. Er það ólíðandi með öllu og mikilvægt að ráðin verði bót þar á.

### Hafnaframkvæmdir, sjóvarnir og lendingabætur

Bent er á að fjármunir til hafnarframkvæmda, sjóvarna og lendingabóta þurfa að vera til stöðugar endurskoðunar og endurspegla þarfir og aðstæður hverju sinni. Nauðsynlegt er að vera með árlegar rannsóknarmælingar við Sauðárkrókshöfn vegna breytinga á sandfeti.

Virðingarfyllt,

Ásta Björg Pálmadóttir,  
sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar